



Reykjavík, 28. ágúst 2025
PON25080011

Borgarráð

Afgreiðslubréf: Heimild til að hefja verkefnið „Nýtt fjárhagskerfi. Dýpri greining“

Á fundi stafræns ráðs þann 27. ágúst 2025 var lögð fram heimildarbeiðni, dags 12. ágúst 2025, um að hefja verkefnið „Nýtt fjárhagskerfi. Dýpri greining“, ásamt fylgigögnum sbr. 2. lið fundargerðar stafræns ráðs s.d. Lagt var til að stafrænt ráð samþykki verkefnið og að það yrði skilgreint í fyrsta forgangi.

Tillagan var samþykkt og vísað til meðferðar borgarráðs.

Tilkynnist það hér með.

F.h. stafræns ráðs,

Sólveig Skaftadóttir,
starfsmaður stafræns ráðs



Reykjavík



Efni: Heimild til að hefja verkefnið „Nýtt fjárhagskerfi. Dýpri greining“

Óskað er eftir að borgarráð heimili þjónustu- og nýsköpunarsviði, fyrir hönd fjármála- og áhættustýringarsviðs, að hefja verkefnið „Þarfagreining fjárhagskerfa. Dýpri greining“.

Verkefnið er með fjármögnun á kostnaðarstað 2102 Áhöld, tæki og hugbúnaður PON og tilheyrir verkefnaklasa 80001 Hugbúnaður og ný upplýsingakerfi. Áætlaður framkvæmdatími verkefnisins er frá september 2025 til febrúar 2026 og er heildarkostnaður skv. frumkostnaðaráætlun 70,2 m.kr. sem tilheyra eignasjóði á framkvæmdatímanum. Af heildarkostnaði er áætlað að 52 m.kr. verði aðkeypt þjónusta sem keypt verður inn á grundvelli laga um opinber innkaup eða eftir atvikum innkaupareglum Reykjavíkurborgar.

Greinargerð fylgir beiðninni.

Virðingarfyllst,

Óskar Sandholt,
sviðsstjóri þjónustu- og nýsköpunarsviðs





Viðtakandi: Stafrænt ráð

Sendandi: Verkefnaráð Þjónustu og nýsköpunarsviðs

Fylgiskjöl:

Heimildarbeiðni

Kynning sem fór fyrir verkefnaráð

Frumkostnaðaráætlun/umfangsmat

Reykjavík, (27.08.2025)

Verkefnaráðsfundur: 12.6.2025

Þarfagreining fjárhagskerfa – dýpri greining

Samantekt:

Mikilvægt er að velja lausn sem styður við fjölbreyttar kröfur borgarinnar og styður við stafræna þróun. Lokaafurð verkefnisins felst í því að annaðhvort innleiða nýtt fjárhagskerfi eða færa borgina yfir í skýjalausn Unit4. Fyrsta fasa þarfagreiningar er lokið en þörf er á ítarlegri ferlagreiningu. Nauðsynlegt er að fá faglega aðstoð við val á lausn til að fá sem bestu mögulegu hámarksnýtingu á tækni.

Heildarkostnaður á fjárfestingu samkvæmt frumkostnaðaráætlun: 70,2 m.kr.

Áætluð tímalengd verkefnis: 6 mán

Skor í Fylki frá verkefnaráði ÞON: 4,33

Ábati 33%: 4

Helsti ábati verkefnisins er til langs tíma vegna innleiðingar stafrænnar nálgunar, umbóta á verklagi og aukinnar sjálfvirkni. Ekki er raunhæft að áætla fjárhagslegan hagnað af verkefninu að þessu sinni.

Stuðningur við grunnrekstur, upplýsingatækniinnviði og gagnahögun 33%: 5

Verkefnið einfaldar rekstarumhverfi, skilvirkni og hagkvæmni í starfsemi borgarinnar í heild.

Áhrif á þjónustu og fjölda notenda 33%: 4

Hefur mjög jákvæð áhrif á stóran hóp starfsmanna Reykjavíkurborgar, allt að 40% tímasparnaður.

Lagalegar kröfur – Já

Dæmi: Lagaleg krafa er til staðar. Samkvæmt sveitarstjórnarlögum 138/2011, kafla VII Fjármál sveitarfélaga.

Virðingarfyllst,
Verkefnaráð
Þjónustu og nýsköpunarsvið



Reykjavík



Reykjavík, 12. ágúst 2025
PON25080011

Greinargerð:

Þjónusta og stuðningur við Unit4 fjárhagskerfi borgarinnar er að leggjast af í núverandi mynd. Boðið er upp á yfirfærslu í skýjalausn, en slík yfirfærsla krefst sambærilegrar vinnu og innleiðing á nýju kerfi. Fjárhagskerfið hefur verið í notkun hjá Reykjavíkurborg frá 1998 og inniheldur fjölda sérsniðinna lausna sem vilji stendur til að einfalda eða losna við. Sem stendur liggur ekki fyrir hverjar framtíðarþarfir borgarinnar eru né hvaða kerfi myndi henta best.

Lokaafurð verkefnisins felst í því að annaðhvort innleiða nýtt fjárhagskerfi eða færa borgina yfir í skýjalausn Unit4. Mikilvægt er að velja lausn sem styður við fjölbreyttar kröfur borgarinnar og styðst við stafræna þróun til framtíðar. Áframhaldandi notkun á núverandi kerfi er áhættusöm þar sem það er ekki lengur uppfært né viðhaldið af birgja.

Búið er að vinna fyrsta fasa þarfagreiningar sem gaf góðan grunn en leiddi í ljós að ferlar eru flóknari en búist var við. Þörf er á enn ítarlegri ferlagreiningu en gert var ráð fyrir og er yfirferð á bókhaldslíkani og gagnaflæði einnig nauðsynleg. Rýna þarf nánar í hvaða kerfiseiginleikar eru nauðsynlegir fyrir borgina og styðja við góða og skilvirka lausn sem gefur möguleika á hámarksnýtingu á tækni. Því er mikilvægt að fá til liðs sérhæfða ráðgjafa í fjárhagskerfum til að aðstoða við að greina þarfir borgarinnar og val á lausn sem uppfyllir þær þarfir.

Jafnréttisskimun fyrir verkefnið liggur fyrir, en fjárfestingin er ekki talin hafa neikvæð jafnréttisáhrif.

Áætlaður heildarkostnaður við verkefnið samkvæmt frumkostnaðaráætlun er 70,2 m.kr. sem tilheyra eignasjóði á framkvæmdatímanum. Af heildarkostnaði er áætlað að 52 m.kr. verði aðkeypt þjónusta sem keypt verður inn á grundvelli laga um opinber innkaup eða eftir atvikum innkaupareglum Reykjavíkurborgar. Afurð verkefnisins mun ekki auka rekstrarkostnað Reykjavíkurborgar heldur mun hann falla inn í núverandi rekstrarkostnað þjónustunnar sem greiddur er af fjármála- og áhættustýringarsviði.

Kostnaðarstaður: kostnaðarstað 2102 Áhöld, tæki og hugbúnaður PON og tilheyrir verkefnaklasa 80001 Hugbúnaður og ný upplýsingakerfi.

F.h. Þjónustu- og nýsköpunarsviðs,

Þröstur Sigurðsson,
skrifstofustjóri Stafrænnar Reykjavíkur



Reykjavík



Nýtt fjárhagskerfi – Dýpri greining

Eigandi: Halldóra Káradóttir, sviðsstjóri
fjármála- og áhættustýringarsviðs

Þarfagreining

Þjónusta og stuðningur við Unit4 fjárhagskerfi borgarinnar er að leggjast af í núverandi mynd. Boðið er upp á yfirfærslu í skýjalausn, en slík yfirfærsla krefst sambærilegrar vinnu og innleiðing á nýju kerfi. Kerfið hefur verið í notkun hjá Reykjavíkurborg frá 1998 og inniheldur fjölda sérsniðinna lausna sem vilji stendur til að einfalda eða losna við. Sem stendur liggur ekki fyrir hverjar framtíðarþarfir borgarinnar eru né hvaða kerfi myndi henta best. Fyrsta þarfagreining hefur farið fram og ljóst er að þörf er á enn ítarlegri greiningu.

Áskorun

- Þjónusta við núverandi kerfi er að hætta.
- Núverandi kerfi hefur verið í notkun síðan 1998 og mikið um séraðlaganir sem þarf að kortleggja.
- Niðurstaða þarfagreiningar er að ferlar eru flóknari en búist var við. Þörf er á enn ítarlegri greiningu en gert var ráð fyrir.
- Yfirferð á bókhaldslíkani og gagnaflæði er nauðsynleg.
- Nauðsynlegt er að fá faglega aðstoð við val á lausn sem uppfyllir þarfir borgarinnar.

Markmið

- Greining á notkun allra kerfishluta núverandi kerfis.
- Ná utan um tækifærin og þarfir sem framtíðarkerfi þarf að geta uppfyllt.

Áætlaður ávinningur (ábatamat)

- Uppfært fjárhagskerfi sem mætir nútímakröfum og framtíðarþörfum Reykjavíkurborgar, með tryggðum stuðningi frá birgja.
- Með ítarlegri greiningu má forðast óhagkvæm kerfiskaup, hvort sem um er að ræða of umfangsmikið eða of takmarkað kerfi. Þannig er hægt að draga úr rekstraráhættu, bæta nýtingu fjármuna og auka skilvirkni í fjármálastjórn.

Tímalína

September 2025 – Febrúar 2026

Kostnaður

Heildarkostnaður 70,2 m. kr.
Eignasjóður 70,2 m. kr.
Rekstur 0 kr.

Verkefnastjóri: Bergdís Björk Sigurjónsdóttir

Verkefnateymi: Erik Tryggvi Striz Bjarnason, Jónas Skúlason, Snorri Snorrason og Hannes Agnarsson Johnson

Stafrænn leiðtogi: Erna Kristjánsdóttir




Fjárhagskerfið fasi 2

Erna Kristjánsdóttir stafrænn leiðtogi FAS

Bergdís Björk Sigurjónsdóttir verkefnastjóri

Hannes Agnarsson Johnson vörustjóri





Í hnotskurn

Fjárhagskerfið gegnir lykilhlutverki fyrir starfsemi borgarinnar og snertir allar einingar hennar

-hjartað sem má ekki stoppa.


- Núverandi þarfagreining sýnir **þörf á enn ítarlegri greiningu á ferlum og kröfum** áður en val á nýju kerfi fer fram.
- Að velja kerfi án fullnægjandi undirbúnings skapar hættu á röngum ákvörðunum og **kostnaðarsömum mistökum til framtíðar.**
- **Fjárfesting í réttu kerfi og vandað innleiðingarferli** borgar sig til lengri tíma með aukinni ábyrgð, betri yfirsýn, skilvirkari rekstri og betri þjónustu.
- Þrátt fyrir kostnaðinn við slíka breytingu felst í henni **einstakt tækifæri til að nútímavæða stjórnsýsluna og bæta hagkvæmni hennar og skilvirkni til framtíðar.**





Ákvörðun verkefnaráðs

- Óskað er eftir 48,2 – 70,2 m.kr. fyrir dýpri þarfagreiningu fjárhagskerfis.
 - Fjármagn er fyrir verkefnastjóra og ráðgjöf í 6 mánuði.



Áætlaðir fasar í heildar verkefni





Áskorun

Reykjavíkurborg hefur einstakt tækifæri til að halda áfram að sýna forystu í stafrænni umbreytingu opinberrar stjórnsýslu og styrkja stöðu sína sem leiðandi sveitarfélag á Íslandi.

Núverandi staða

- Ferlar eru flóknari en búist var við
- Óljóst hvaða kerfispætti við raunverulega þurfum
- Hætta á að velja kerfi sem er:
 - Of stórt eða flókið
 - Of takmarkað og ófullnægjandi
- Ítarleg úttekt á tæknistakki FAS ýtir undir mikilvægi verkefnisins

Lausn

- Dýpri ferlagreining með aðkomu ráðgjafa
- Kortleggja hvernig við vinnum í dag – og hvaða leið væri árangursríkari
- Rýna í hvaða kerfiseiginleikar styðja við góða og skilvirka lausn
- Fá faglega aðstoð við val á lausn sem hentar borginni

Ábati

- Hægt er að gera ráð fyrir 20-40% tímasparnaði í daglegum ferlum og verulega bættri ákvörðunartöku við vel skipulagða og innleidda innleiðingu fjárhagskerfis.
- Mikilvægt er að velja lausn sem styður við raunverulegar þarfir og framtíðarsýn
- Forðast of litla eða of flókna kerfislusn



Tillaga að leiðum – ákvörðun

- Leggjum til leið A til að ná fram bestun á árangri

Leið A

Ítarlegri ráðgjöf og greiningarvinna

Mjög ítarleg ráðgjöf og greiningarvinna með aðkeyptri þjónustu

- Aðstoð færustu ráðgjafa í fjárhagskerfum
- Yfirferð á bókhaldslíkani, skráningu ferla og gagnaflæðis
- Ítarleg þarfagreining og möguleikar á hámarksnýtingu á tækni og ábatamat

Kostir

- Sérhæfð ráðgjöf sem tryggir aukna nákvæmni í að mæta lykilþörfum.
- Ítarlegri greining á möguleikum til sjálfvirknivæðingar og umbótaverkefna.
- Aukið samræmi og samþætting við vinnu tengda gagnalandslagi.

Gallar

- Hár kostnaður
- Mögulega lengri tímalína og þá lengri bið í nýtt kerfi.

Leið B

Fagleg ráðgjöf og verkefnastýring

Fá ráðgjöf & verkefnastýringu í 6 mánuði

- Nánari úrvinnsla úr markaðskonnnun - kynningar
- Yfirferð á flæði gagna og bókhaldslíkani
- Yfirferð viðskiptaferla og núverandi þarfa ásamt uppsetningu
- Yfirferð framtíðar viðskiptaferla og tækifæri og ábati

Kostir

- Fagleg ráðgjöf en með minni tilkostnaði en leið A.
- Ráðgjöf frá aðilum með þekkingu á vali og útskiptingu á fjárhagskerfi.
- Betri sýn á þarfir og möguleika á hámarks nýtingu á framtíðar fjárhagskerfi.

Gallar

- Áhætta að fara í útboð án þess að hafa greint þarfir nægilega vel.
- Ekki næg yfirferð á samtingum kerfa og samfelldu gagnaflæði.
- Áhætta að valið kerfi verði aðlagð að úreltum ferlum og sjálfvirkni ekki nýtt til fullnustu.

Leið C

Óbreytt ástand og lúkning verkefnis

Nota núverandi Agresso lausn án þjónustu og uppfærslu

- Fá verkefnastjóra til að loka verkefni og gera lokaskýrslu
- Halda áfram að reiða okkur á núverandi þjónustuaðila á Íslandi.

Kostir

- Halda áfram eins og verið að gera og þá ekki þörf á að eyða tíma í nýja lausn.
- Þekking til staðar á núverandi lausn.

Gallar

- Áhætta að nota kerfi sem er ekki uppfært og ekki með þjónustusamning.
- Nýtum ekki framþróun í sjálfvirkni og gervigreind.
- Gamli og úreltir ferlar.



Útlistun á kostnaði



Kostnaðaráætlun -Fasi 2 fjárhagskerfið	leið A	leið B	leið C
Fasi 2 Dýpri greining (6 mán)			
Verkefnastýring þON	9.000.000	6.750.000	450.000
Viðskiptaferla sérfræðingur	21.600.000	16.200.000	0
Ráðgjöf í fjárhagskerfum, val og innleiðing	16.200.000	10.800.000	0
Gagnauppbygging og bókhaldslíkan	5.400.000	3.240.000	0
Vinna við möppun viðskiptaferla	9.000.000	4.500.000	0
Annar kostnaður/ófyrirséð	9.000.000	6.750.000	1.350.000
SAMTALS	70.200.000	48.240.000	1.800.000
Verkefnastýring þON	9.000.000	6.750.000	450.000
Aðkeypt þjónusta	52.200.000	34.740.000	0
Annar kostnaður/ófyrirséð	9.000.000	6.750.000	1.350.000



Hvað er búið að gera:

- Hagsmunaaðilagreining
- Vinnustofur með hagaðilum
- Kerfislýsing, samskipti núverandi kerfis við önnur kerfi
- UT arkitektúr mappaður
- Markaðskönnun
- Ferlagreiningar hafnar (AS IS)

1. Umfang, skipulag,
markmið,
viðskiptaávinningur

2. Kerfislýsing: Agresso
samskipti við önnur
kerfi (skýrsla)

3. UT arkitektúr

4. Áhættumat


5. Þarfagreining

6. Markaðskönnun

7. Úrvinnsla, mat á
birgjum, kostnaðar-
áætlun



Tímalína





Umfangsmat

- Óskað er eftir fjárfestingu fyrir verkefnastjórn og ráðgjöf.
- Innanhúss er óskað eftir teymi sérfræðinga frá FAS og ÞON sem leggja til vinnuframlag í 6 mánuði.
- Þegar úthlutað fjármagn klárast í sumar.



Kostnaður innanhúss

FAS:

- | | |
|--------------------------|-----|
| • Ferlar og gæðamál | 75% |
| • Tækniumhverfi | 50% |
| • Áætlanir og tekjuferli | 50% |
| • Bókhald og uppgjör | 50% |
| • Fjármálaeftirlit | 25% |
| • Áhættustjóri | 15% |

ÞON:

- | | |
|----------------------------|-----|
| • Vörustjóri fjárhagskerfa | 75% |
| • Gagnasérfræðingur FAS | 50% |
| • Stafrænn leiðtogi FAS | 50% |
| • UTR sérfræðingar | 20% |

Fjárfesting

ÞON

- | | |
|-------------------------|----------------|
| • Verkefnastjóri (100%) | 9M |
| • Annar kostnaður | 9M |
| • Kostnaður | kr. 18M |

Aðkeypt

- | | |
|-------------------------|------------------|
| • Viðskiptaferlar | 30,6M |
| • Fjárhagskerfisráðgjöf | 16,2M |
| • Gögn og bókhaldslíkan | 5,4M |
| • Kostnaður | kr. 52,2M |



Ábatamat



Fasi 2 mun gefa af sér viðtækara ábatamat með tillögum að umbótum og ferlamælingum

Mælanlegur ábati

Innleiðing vel valins kerfis og markviss nýting gagna stuðlar að aukinni skilvirkni og hagkvæmni í starfsemi borgarinnar í heild.


Ávinningurinn birtist í tímasparnaði, lækkun rekstrarkostnaðar og bættri ákvarðanatöku.

Samtals:

- Allt að 40% tímasparnaður starfsmanna.

Ómælanlegur ábati

- Starfsánægja
- Bætt ímynd
- Ánægja borgarbúa



Ávinningur til lengri tíma

Ekki er raunhæft að áætla fjárhagslegan hagnað af verkefninu en gera má ráð fyrir eftirfarandi langtíma ávinningi vegna innleiðingar stafrænnar nálgunar, umbóta á verklagi og aukinnar sjálfvirkni:

- Aukið hagræði í bókhaldi sem stuðlar að tímasparnaði starfsfólks á öllum sviðum borgarinnar.
- Skilvirkari stjórnsýslu með aukinni yfirsýn og betri stjórn á fjármálum borgarinnar.
- Bætt þjónustugæði með auknum hraða og meiri skilvirkni í afgreiðslu þjónustuþega.



Næstu skref



- Nústöðuskráningu ferla haldið áfram (AS IS)
- Skráning á breyttum ferlum (TO BE)
- Ná yfirsýn yfir tækifæri í sjálfvirknivæðingu ferla
- Dýpri yfirferð með hagsmunaaðilum og notendum
- Kerfisarkitektúr og stefnumörkun í vali á fjárhagskerfi
- Uppsetning bókhaldslíkans og nýting gagna til framtíðar
- Undirbúningur kröfulýsingar
- Drög að innleiðingaráætlun



Ákvörðun verkefnaráðs

- Óskað er eftir **48,2 – 70,2 m.kr.** fyrir dýpri þarfagreiningu fjárhagskerfis sem við teljum nauðsynlegt skref til þess að byggja góðan grunn fyrir rétt val á kerfi og farsæla innleiðingu.
 - Fjármagn er fyrir verkefnastjóra og ráðgjöf í 6 mánuði.





Reykjavík



Umfangsmat

- Óskað er eftir fjárfestingu fyrir verkefnastjórn og ráðgjöf.
- Innanhúss er óskað eftir teymi sérfræðinga frá FAS og ÞON sem leggja til vinnuframlag í 6 mánuði.
- Þegar úthlutað fjármagn klárast í sumar.



Kostnaður innanhúss

FAS:

- | | |
|--------------------------|-----|
| • Ferlar og gæðamál | 75% |
| • Tækniumhverfi | 50% |
| • Áætlanir og tekjuferli | 50% |
| • Bókhald og uppgjör | 50% |
| • Fjármálaeftirlit | 25% |
| • Áhættustjóri | 15% |

ÞON:

- | | |
|----------------------------|-----|
| • Vörustjóri fjárhagskerfa | 75% |
| • Gagnasérfræðingur FAS | 50% |
| • Stafrænn leiðtogi FAS | 50% |
| • UTR sérfræðingar | 20% |

Fjárfesting

ÞON

- | | |
|-------------------------|----------------|
| • Verkefnastjóri (100%) | 9M |
| • Annar kostnaður | 9M |
| • Kostnaður | kr. 18M |

Aðkeypt

- | | |
|-------------------------|------------------|
| • Viðskiptaferlar | 30,6M |
| • Fjárhagskerfisráðgjöf | 16,2M |
| • Gögn og bókhaldslíkan | 5,4M |
| • Kostnaður | kr. 52,2M |



Útlistun á kostnaði



Kostnaðaráætlun -Fasi 2 fjárhagskerfið	leið A	leið B	leið C
Fasi 2 Dýpri greining (6 mán)			
Verkefnastýring þON	9.000.000	6.750.000	450.000
Viðskiptaferla sérfræðingur	21.600.000	16.200.000	0
Ráðgjöf í fjárhagskerfum, val og innleiðing	16.200.000	10.800.000	0
Gagnauppbygging og bókhaldslíkan	5.400.000	3.240.000	0
Vinna við möppun viðskiptaferla	9.000.000	4.500.000	0
Annar kostnaður/ófyrirséð	9.000.000	6.750.000	1.350.000
SAMTALS	70.200.000	48.240.000	1.800.000
Verkefnastýring þON	9.000.000	6.750.000	450.000
Aðkeypt þjónusta	52.200.000	34.740.000	0
Annar kostnaður/ófyrirséð	9.000.000	6.750.000	1.350.000



Tímalína

